


## Bæjarhraun – göngu og hjólastígur.

### Skipulagslýsing vegna tillögu að deiliskipulagi.

Samkvæmt 1 mgr, 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

#### Inngangur

Skipulags- og byggingarráð hefur falið Skipulags- og byggingarsviði að láta vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir göngu- og hjólastíg við Bæjarhraun í Hafnarfirði.



Úr aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025

#### Staðhættir

Skipulagssvæðið er um 0.6 ha að stærð og afmarkast í vestri af Fjarðarhrauni, Hólshrauni til norðurs og af Flatahrauni til Suðurs. Skipulagssvæðið í dag eru trjáreitir ásamt hraunklettum og hraunasvæði í bland við ræktað gras. Spildan hefur ekki beint gildi sem útivistarsvæði enda er akandi umferð um

Fjarðarhraun og Bæjarhraun mjög mikil. Ekki eru neinar afmarkaðar göngu-eða hjólaleiðir á reitnum en í gildi er Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025 þar sem gert er ráð fyrir stofnstíg á þessum stað og skv. skilmálum aðalskipulags er stofnstígum ætlað að vera megin göngu- og hjólaleiðir og tengja saman einstaka bæjarhluta og nágrennasveitarfélög. Þeir skulu vera 3-3.5 m breiðir og lagðir bundnu slitlagi og því hentugir jafnt fyrir reiðhjól, göngufólk og hjólastóla. Stofnstígar skulu vera upplýstir.

Svæðið hefur verið skoðað m.t.t. fornminja og eru engar fornminjar á því.

Aðliggjandi deiliskipulög eru:

Deiliskipulag Kaplakrika samþykkt/staðfest 8. júlí 2004

Deiliskipulag iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveggar samþykkt/staðfest 5. mars 1985

## Lýsing

Deiliskipulagið mun nánar útfæra legu hjóla- og göngutengingu við Bæjarhraun. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

## Skipulagsferli, drög að tímaáætlun, kynning og samráð.

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferli og tímasetningum.

- 22. janúar 2013** Skipulags- og byggingarráð tekur skipulagslýsinguna til umfjöllunar.
- 30. janúar 2013** Bæjarstjórn tekur skipulagslýsinguna til umfjöllunar.
- 30. janúar 2013** Skipulagslýsing fyrir tillögu að deiliskipulagi send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annara umsagnaraðila. Skipulagslýsing kynnt almenningi með auglýsingu í blöðum og á heimasíðu bæjarfélagsins. Gögn verða aðgengileg á skrifstofu skipulags- og byggingarsviðs og á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar. Tekið verður við athugasemdum vegna skipulagslýsingar fram til **14. febrúar 2013**.
- Febrúar 2013** Tillaga að deiliskipulagi til kynningar í skipulags- og byggingarráði og síðar í bæjarstjórn.
- Febrúar 2013** Tillaga að deiliskipulagi auglýst skv 41. gr. skipulagslaga nr. 123 2010 og lögð fram til kynningar í 6 vikur. Á þessum tíma er hægt að koma á framfæri athugasemdum. Samtímis er umsagnaraðilum send tillagan til athugunar.



**HAFNARFJÖRÐUR**

**Apríl 2013** Umfjöllun athugasemda og endanleg tillaga afgreidd í skipulags- og byggingarráði og síðan í bæjarstjórn. Tillagan auk samantektar á málsmeðferð ásamt athugasemdum og umsögnum send Skipulagsstofnun til athugunar.

**Maí 2013** Staðfesting Skipulagsstofnunar og auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda, gildistaka deiliskipulags áætlað í maí 2013.

#### **Helstu samráðs- og umsagnaraðilar**

Skipulagslýsingin verður send til eftirfarandi samráðs- og umsagnaraðila:  
Skipulagsstofnunar, Vegagerðarinnar, Garðabæjar og landssambands hjólréiðamanna.